Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs,

Kópavogi, 14.11.2023
2310355/502.00

Efni: Reitur 13. Svar við athugasemdum og spurningar fulltrúa minnihlutans í bæjarráði vegna svars bæjarstjóra, dags. 3. október 2023, við fyrirspurn um samning bæjarstjóra við Fjallasól ehf.

1. *Kaupsamningur milli Vinabyggðar og Fjallasólar, dags. 13. maí 2022*
   - 1.1 *Hver er afstaða bæjarstjóra til þess að þetta framsal hafi átt sér stað meðan samráð skipulagsyfirvalda við íbúa um deiliskipulagstillöguna var í miðjum klíðum?*
     Það að fasteignaeigendur selji fullbúnar fasteignir sem þeir eru þinglýstir eigendur að er Kópavogsbæ óviðkomandi. Aðeins í tilvikum þegar um er að ræða óbyggða lóð og byggingar sem ekki eru komnar á fokheldisstig þarf bæjaryfirvöld að taka afstöðu til framsals eða veðsetningar. Fasteignaeigendum ber því engin skylda að upplýsa Kópavogsbæ um fasteignaviðskipti sín líkt og á við um í því tilviki sem hér um ræðir.

     Það hefur engin áhrif á meðferð skipulagsmála hvort að fasteignir sem fyrir eru á viðkomandi skipulagssvæði séu seldar á meðan á málsmeðferð stendur.

   - 1.2 *Hefði ekki mátt ætlast til að verðmætin yxu þegar niðurstaða var fengin úr lögbundnu samráði og bæjaryfirvöld höfðu samþykkt deiliskipulagið formlega?*
     Á hvaða verði og forsendum eignir á þróunarsvæði eða öðrum skipulagssvæðum eru seldar hlýtur að fara eftir markaðslögmálum hverju sinni og á færi sérfræðinga í þeim efnum að svara til um. Það er á eigin áhættu viðkomandi fasteignaeigenda að taka ákvörðun um hvort og á hvaða tímapunkti hann selur fasteignir sínar og þá þeirra að meta hvort hagkvæmara verð hefði fengist á öðrum tímapunkti.

2. *Kostnaðargreining – enn hefur engin kostnaðargreining borist. Svar bæjarstjóra vekur á hinn bóginn margar nýjar spurningar:*
   - 2.1 *Hver setti samningsmarkmið og hvenær, hver voru þau og hvernig var þeim fylgt eftir?*
     Líkt og kom fram í kynningu lögmanna bæjarins fyrir bæjarráði voru samningsmarkmið bæjarins fimm. Eitt af samningsmarkmiðum var að fá markaðsvirði fyrir lóðir Kópavogsbæjar. Annað markmið var að lóðarhafi tæki þátt í innviðauppbyggingu á svæðinu eins og getið er í neðangreindu svari við spurningu nr. 6. Þá var stefnt að því að tryggja kauprétt að félagslegum íbúðum og að hluti íbúða yrðu hlutdeildarlánaíbúðir eða leiguíbúðir. Síðasta markmiðið sneri á því að tryggja stöðu bæjarins, kæmi til riftunar á kaupsamningi Vinabyggðar og Fjallasólar. Nær öll þessara markmiða eru þau sömu og ávallt hefur verið gætt að í þeim uppbyggingarsamningnum sem gerðir hafa verið af hálfu Kópavogsbæjar. Sérstök markmið tengd tegund íbúða og kauprétti má rekja til húsnæðisskýrslu sem gerð var 2015. Sérstakt markmið tengt viðskiptasambandi Vinabyggðar og Fjallasólar er eins og það ber með sér sett til að tryggja að ef lóðir og fasteignir rynnu aftur til Vinabyggðar að sá aðili yrði jafnframt bundinn af því samkomulagi sem var undirritað.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

2.2 Hvernig var meðalhófs gætt?
Með því að semja um fjárhæð byggingarréttar sem sanngjarnt og eðlilegt er að uppbyggingaraðilar taki þátt í að fjármagna í hlutfallslegu samræmi við þá uppbyggingu sem á sér stað.

2.3 Gagnvart hverjum og með hvaða hætti var jafnræðis gætt? Hvernig hafði hlutfallslega þátttaka í innviðakostnaði verið reiknuð út og innheimt í samningum við uppbyggingaraðila á þegar byggðum reitum á þróunarsvæðinu?
Umsamin byggingarréttargjöld eru í takt við þau byggingarréttargjöld sem hafa verið innheimt á öðrum uppbyggingarsvæðum og gert er grein fyrir í viðkomandi uppbyggingarsamkomulögum.

2.4 Ber að skilja tilvísunina í að „greind samningsmarkmið gæfu nægjanlegar upplýsingar svo að kostnaðargreining hafi aldrei legið fyrir?
Sjá svar við spurningu 2.1. Kostnaðargreining lá sannarlega fyrir og tóku samningsmarkmiðin mið af henni.

2.5 Óskað er aðgangs að kostnaðaráætlun en fram kemur í svarinu að slík áætlun liggi fyrir í tilgreindum innviðaverkefnum.
Kostnaðargreining sviðsstjóra verður ekki afhent kjörnum fulltrúum þar sem það hefur að geyma kostnaðargreiningu sem verður ekki opinberuð með vísan til fjárhagslegra hagsmuna bæjarins. Með vísan til þess ríka rétt sem bæjarfulltrúar hafa til aðgang að gögnum og upplýsingum er því beint til þeirra að hafa samband beint við sviðsstjóra til að fá þær upplýsingar sem þeir telja sig þurfa, að því tilskyldu að þeir haldi trúnaði um efnið.

3. *Spurningu um hvernig söluverðið var ákveðið er ekki svarað. Hver tók ákvörðun um að verðleggja byggingarrétt á óljósum „markaðsforsendum" en ekki á grundvelli reglna bæjarins? Samkvæmt þeim hefði markaðsverð verið leitt í ljós með útboði á óráðstöfuðum lóðum bæjarins. Þar með væri gætt að samkeppni og jafnræði og ekki yrði eftirmarkaður með framsali milli fjárfestingafélaga. Með því að elta verð í viðskiptum fjárfestingafélaga, sem innleysa hagnað við hvert framsal, tekur Kópavogsbær þátt í að útiloka samkeppni, spenna upp lóðarverð og torvelda aðgang almennings að húsnæði á viðráðanlegu verði.*
Því hefur verið ítrekað svarað hvaða sjónarmið voru höfð til hliðsjónar við ákvörðun byggingarréttargjalds fyrir þær íbúðir sem seldar voru uppbyggingaraðila. Var kaupsamningur á milli Vinabyggðar og Fjallasólar m.a. hafður til hliðsjónar en jafnframt var gerð könnun á samhljóða gjöldum í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Að endingu var það niðurstaðan að 121 þús kr. á hvern fermetra væri verð sem taka ætti mið að við sölu byggingarréttar. Er þá vísað til þess að framangreint fermetraverð væri það verð sem miðað yrði við í sambærilegum lóðarúthlutunum þar sem lóðir eru auglýstar til úthlutunar. Samkvæmt reglum Kópavogsbæjar um úthlutun byggingarréttar er bæjarstjórn heimilt að bjóða upp byggingarrétt einstaka lóða innan ákveðins deiliskipulagssvæðis. Skal það þá tilgreint í úthlutunarskilmálum fyrir viðkomandi lóðir að fara skuli þessa leið en jafnframt skulu uppboðsreglur kynntar samhliða auglýsingu lóðanna, sbr. 15. gr. greindra úthlutunarreglna

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

4. *Í svarinu felst staðfesting á því að hvað sem valda kann óvæntum og óútskýrðum gjöldum vegna uppbyggingarinnar á reitnum, er öll áhættan hjá bæjarsjóði*
Þessari staðhæfingu er hafnað. Lóðarhafi/uppbyggingaraðili greiðir umsamin og álögð gjöld samkvæmd gildandi gjaldskrám. Er hér aðeins um að ræða að ekki verði lögð á óvænt og óútskýrð gjöld, sem samkvæmt meginreglum stjórnsýsluréttar er ólögmætt að innheimta.

5. *Svarið er ófullnægjandi því að deiliskipulag fyrir Borgarlínu liggur ekki fyrir? Nauðsynlegt er að fá upplýst hvaðan fermetratalan 607,3 fm er fengin og hvaða útreikningur liggur þar að baki?*
Í samþykktri deiliskipulagsbreytingu fyrir reit 13 er eftirfarandi tekið fram í skipulagsskilmálum: „Vegna fyrirhugaðra legu Borgarlínu norðan skipulagssvæðisins skerðist núverandi lóð Bakkabrautar 4 um 404,5 m^2 og Bryggjuvarar 2 um 202,8 m2. Samtals 607,3 m^2" Tekið var mið af drögum að forhönnun og deiliskipulagi fyrir Borgarlínuna sem er í vinnslu. Var það gert til að tryggja að mögulegt væri að útfæra það á seinni stigum.

6. *Svarið miðast við að gatnagerðargjald standi straum af kostnaði við gatnagerð með tilheyrandi lögnum, yfirborðsfrágangi gatna, stíga og opinna svæða eins og kveðið er á um í skipulagi hverju sinni. Gjöld til viðbótar eru umsamin greiðsla vegna kostnaðarþátttöku við innviðauppbyggingu á þróunarsvæðinu. Samtals 1.519.560 þús kr. miðað við verðlag í júlí 2023 .... því er ósvarað hvernig greiðsla vegna innviðauppbyggingarinnar skiptist. Áætlun um kostnað við innviði hefur ekki fengist afhent en ljóst má vera að óvenjulega hár kostnaður liggur í landfyllingu út í Kópavogshöfn.* [...] *Auk þess er reiknað með að hágæða almenningssamgöngum sem kalla á mikinn innviðakostnað reikna verður með leikskólum, stærri grunnskólum og opnu almenningssvæði /leiksvæði.*
Þessu hefur verið ítrekað svarað. Gert er ráð fyrir hlutdeild uppbyggingaraðila/lóðarhafa í kostnaðarþátttöku vegna innviðauppbygginga í eftirfarandi verkefnum á svæðinu, miðað við hlutfallslega fjölgun íbúða á Kársnesi:
   - Stofnstígur sem er hluti af samgöngusáttmála og verður því kostnaður við þá framkvæmd hluti af því verkefni
   - Leiksvæði sem telst opið svæði
   - Gatnagerð í tengslum við umræddan reit felst í aðlögun Borgarholtsbrautar að Borgarlínu og gerð nýrrar götu, Bryggjuvarar. Kostnaður við aðlögun Borgarholtsbrautar verður fjármagnað með samgöngusáttmála en Kópavogsbær mun fjármagna gerð Bryggjuvarar.
   - Í deiliskipulagi fyrir reit 13 er gert ráð fyrir aðlögun hafnarkants, landfyllingu og niðursetningu stálþils. Deiliskipulag og hönnun hafnarinnar liggur ekki fyrir og mun endanleg útfærsla ráðast af því.

   Líkt og áður hefur verið ítrekað liggur fyrir kostnaðaráætlun á ofangreindum verkefnum og endurspeglar fylgiskjal 2 með samkomulaginu kostnaðarþátttöku uppbyggingaraðila á reit 13 í samræmi við hlutfall þeirrar uppbyggingar sem fyrirhuguð er og með tilliti til meðalhófs og jafnræðis.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

7. *Svar er ófullnægjandi. Samkvæmt fyrirliggjandi skjölum greiddi bærinn HSSK 657 m.kr. fyrir lóðir sem falla inn í Reit 13 og 139 m.kr. fyrir uppbyggingu og nýja lóð undir aðstöðu hjálparsveitarinnar að Tónahvarfi 8.* [...] *Hvernig sér bæjarstjóri fyrir sér að bærinn nái að vinna upp það tap sem orðið er með þessum gjörningi? Hvað gera áætlanir ráð fyrir að það taki mörg ár að endurheimta útlagðan kostnað og með hvaða hætti verður það gert? Liggur fyrir áætlun um hvaða fasteignagjöld hefðu verið greidd af Tónahvarfi 8, ef þar hefði risið venjulegt atvinnuhúsnæði?*

Við samþykkt samkomulags um kaup á eldra húsnæði HSSK og uppbyggingu á nýrri lóð hjálparsveitarinnar lá fyrir valkostagreining gerð af Eflu. Kom þar skýrt fram að mismunur væri á milli mögulegs söluverðs, með öllu gjöldum meðtöldum, á eldra húsnæði og uppbyggingu á nýju húsnæði fyrir HSSK, þ.e. stofnverð fyrir Kópavogsbæ. Var samþykkt samhljóða af hálfu bæjarstjórnar að fyrir endurgjald og uppgjör vegna skila á lóða myndi Kópavogsbær greiða kr. 796 m.kr. Var byggingarréttur á greindum lóðum á samtals 657 m.kr. sem endurspeglar verð fyrir byggingarréttargjald per/fm og álögð gatnagerðargjöld, sjá nánar í svari við spurningu 3 hér að ofan. Þá lá fyrir við samþykkt samkomulagsins vegna húsnæðismála HSSK að Kópavogsbær myndi hafa aðkomu að flutningi hjálparsveitarinnar að hluta til í formi styrks. Þá er bent á að enn á eftir að úthluta lóðunum að Þinghólsbraut 81-89.

Hvað varðar almenn fasteignagjöld á atvinnuhúsnæði vísast í gjaldskrá Kópavogs „Fasteignagjöld í Kópavogi 2023"

8. *Spurningunni er ekki svarað. Lýst er almennri verklagsreglu sem væntanlega er skráð og er óskað aðgangs að skjalinu.*

   8.1 Athygli vekur að samkomulagið við Fjallasól fullnægir ekki þeim skilyrðum sem sagt er að felist í verklagsreglunni.

   Þessari staðhæfingu er mótmælt. Þvert á móti gefur fyrra svar til kynna að verklag við gerð greind uppbyggingarsamkomulagi hafi farið eftir almennum verklagsreglum þar um.

   8.2 Afmörkun framkvæmdasvæðis, sem Kópavogsbær þarf að samþykkja á samkvæmt textanum að vera fylgiskjal samkomulagsins en veittur er frestur 90 dagar til afhendingar þess. Framkvæmdaráætlun ber líka að samþykkja, til að tryggja að ónæði og raski verði haldið í lágmarki fær viðsemjandinn 90 daga til að útfæra þótt hún sé hluti samkomulagsins. Hið sama á við um útlistun gjalda og greiðsluflæðis. Greiðsluáætlun, sem aðilar eiga eftir að koma sér saman um, er eftir sem áður talin fylgiskjal samkomulagsins. Fylgiskjöl eru óaðskiljanlegur hluti samnings og eiga að liggja fyrir við undirritun. Fram hefur komið frá bæjarstjóra að nauðsynlegt hafi verið að ganga frá samkomulagi við Fjallasól fyrir auglýsingu deiliskipulagsins ella hefði bærinn misst samningstöðu sína. Hvert er þá mat bæjarstjóra á samningstöðunni nú eftir auglýsingu deiliskipulagsins? Grundvallarþáttum sem lúta að vernd íbúa gegn ónæði og raski sem framkvæmdum fylgir er vísað inn í framhaldsviðræður, þegar bærinn er sagður hafa misst samningstöðu sína. Hið sama á við viðræður til að tryggja greiðslur í bæjarsjóð samræmist sem best þörfum hans fyrir tekjuflæði.

   - Kópavogsbær leggur til afmörkum framkvæmdasvæðis í samræmi við gildandi deiliskipulag og mat á því svæði sem nauðsynlegt er fyrir uppbyggingaraðila til að

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

athafna sig á framkvæmdartíma. Um er að ræða opinbert gagn sem verður aðgengilegt öllum sem vilja þegar það liggur fyrir. Í samkomulaginu eru settar fram ýmsar skuldbindingar á herðar uppbyggingaraðila er varðar umgengni á framkvæmdartíma.

- Framkvæmdartími er skilgreindur í samkomulaginu. Upphaf og lok framkvæmdatímans liggur því fyrir. Í framkvæmdaráætlun verður að finna nánari útlistun á hverjum fasa fyrir sig sem og áfangaskiptingu. Um er að ræða opinbert gagn sem verður aðgengilegt öllum sem vilja þegar það liggur fyrir. Umrætt skjal mun einnig liggja fyrir með góðum fyrirvara áður en framkvæmdir hefjast enda ekki gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjast fyrr en á fyrra hluta árs 2026.

- Öll gjöld liggja fyrir í fylgiskjali 2 með samkomulaginu. Kópavogsbær útfærir nánar fylgiskjal varðandi greiðsluflæði í takt við uppgefin gjöld í áðurnefndu fylgiskjali 2 og áfangaskiptingu verkefnisins.

8.3 *Engin tilraun er gerð til að svara spurningunni um hvort og þá hvaða áhrif það hafi haft í þessari samningagerð að fjárfestingafélagið Vinabyggð, sem seldi Fjallasól réttindi sín á reitnum, hafði unnið deiliskipulagstillöguna fyrir heildarreitinn, þ.m.t. fyrir óráðstafaðar lóðir bæjarins og fyrir lóð HSSK án þess að hafa til þess umboð frá hjálparsveitinni.* [...] *Bæjarstjóri segir í svarinu að ekkert sé óvenjulegt í deiliskipulagsgerð fyrir reit 13. Samt hefur ekki verið bent á nokkurt annað dæmi um að einkaaðili hafi fengið heimild til að deiliskipuleggja reit, sem hann hefur ekki á valdi sínu nema að hluta. Um þetta hefur verið fjallað í athugasemdum Skipulagsstofnunar og innviðaráðuneytis. Jafnframt hafa eftirlitsaðilarnir bent á að sveitarstjórn hafi ekki samþykkt deiliskipulagstillöguna eins og lög gera ráð fyrir.*
Það er alkunn venja að fenginn sé utanaðkomandi aðili til að vinna skipulagstillögur sem lagðar eru fyrir skipulagsyfirvöld. Er það raunin í töluverðum fjölda mála sem koma til meðferðar skipulagsyfirvalda. Allar tillögur sama hvar eða af hverjum þær eru unnar eru lagðar fyrir skipulagsyfirvöld til skoðunar og ákvarðanatöku og því ávallt í hendi skipulagsyfirvalda að taka afstöðu til fyrirliggjandi mála. Er bent á að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur fallist á að slík tilhögun sé í samræmi við ákvæði skipulagslaga, sbr. mál nr. 5/2022. Miðbær Kópavogs. Þá er einnig bent á að Skipulagsstofnun gerði ekki athugasemdir að gildandi deiliskipulagsbreyting yrði auglýst til gildistöku við lok málsmeðferðar.

9 *Ekkert svar er við spurningunni um hver rökin hafi verið fyrir sameiningu allra lóða á reit 13 í eina lóð með deiliskipulaginu. Einungis er lýst kostunum við að skipta lóðinni vegna uppbyggingar á reitnum. Af hverju var ekki hugsað fyrir því áður en deiliskipulagið með þessum afleiðingum er samþykkt?*
Lóðirnar voru sameinaðar í eina þar sem talið var að bílakjallarinn myndi nýtast best með þeim hætti, sérstaklega með tilliti til hæðarmunar á svæðinu. Mikill hæðarmunur er á vestur og austur hluta lóðunum eða því sem nemur níu metrum. Samkvæmt upplýsingum frá fasteignaskrá er ekki hægt að hafa einn bílakjallara á mörgum lóðum, nema að hægt sé að skipta honum upp með einhverjum hætti og þá aðskilja frá öðrum hlutum. Í samkomulaginu eru þessum möguleika haldið opnum, þ.e. að athuga hvort ástæða sé til að skipta bílakjallaranum upp og hvort að það sé yfir höfuð mögulegt. Orðalag í samkomulaginu gerir ekki ráð fyrir að búið sé að ákveða að fara þá leið heldur aðeins að taka það til skoðunar og halda þeim möguleika opnum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

10 *Fróðlegt verður að fylgjast með útboði lóðarinnar Þinghólsbrautar 81-89 og hvort hún verði nýtt til þess að geta boðið fjölbreytta búsetukosti á viðráðanlegu verði.*
Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir þremur raðhúsum með fimm íbúðum þar sem heimilt er að hafa tvær séríbúðir á jarðhæð.

11 *Óhjákvæmilegt er að minna þá stefnumótun sem Kópavogsbær er bundinn af í húsnæðismálum.* [...] *Telur bæjarstjóri að kvöð um að 10% af heildarfjölda íbúða sé ætlað undir „mismunandi búsetuform svo sem leiguhúsnæði, stúdentaíbúðir, íbúðir fyrir fyrstu kaupendur og/eða aldraða" uppfylli ákvæði aðalskipulagsins um að allir geti orðið sér úti um húsnæði á viðráðanlegu verði?*
Umrædd stefnumótun á fyllilega við í uppbyggingarverkefni reits 13 líkt og í öðrum verkefnum. Skýrt er tekið fram í 9. gr. samkomulagsins að kvöð sé um 10% heildarfjölda íbúða undir mismunandi búsetuform og hefur uppbyggingaraðili skuldbundið sig til þess að uppfylla greinda kvöð og yfirlýsingu þess efnis þinglýst á lóðirnar.

12 *Svar um kauprétt Kópavogs á 4,5% íbúða fyrir félagslega leiguíbúðakerfið er óskýrt og ófullnægjandi.* [...] *Það er óásættanlegt í samningnum að Kópavogsbær þarf að ákveða hvort hann nýtir kauprétt sinn áður en fokheldisvottorð er gefið út. Verð á tilbúnum íbúðum getur tekið töluverðum breytingum á byggingartímanum. Hvað útskýrir að gerður hafi verið samningur um þetta?*
Að tilkynna um kauprétt fyrir félagslegar íbúðir við samþykkt byggingaáforma gefur Kópavogsbæ tækifæri til að velja þær íbúðir sem fyrirsjáanlegt er að hagkvæmastar séu í kaupum.

13 *Vísað er til umfjöllunar undir tl 8. Fylgiskjöl eru óaðskiljanlegur hluti samnings og eiga að liggja fyrr við gerð hans.*
Sjá svar við spurningu 8.

14 *Því er mótmælt að öll nauðsynleg gögn og forsendur fyrir samkomulaginu hafi legið fyrir við framlagningu þess í bæjarráði. Dæmi:*

14.1 *Í bæjarráði kom fram hjá starfsmönnum að kostnaðargreining lægi fyrir á umhverfissviði. Fulltrúar minnihlutans óskuðu eftir að fá aðgang að henni til undirbúning umræðu í bæjarstjórn. Enn hefur hún ekki borist.*
Kostnaðargreining sviðsstjóra verður ekki afhent kjörnum fulltrúum þar sem það hefur að geyma kostnaðargreiningu sem verður ekki opinberuð með vísan til fjárhagslegra hagsmuna bæjarins. Með vísan til þess ríka rétt sem bæjarfulltrúar hafa til aðgang að gögnum og upplýsingum er því beint til þeirra að hafa samband beint við sviðsstjóra til að fá þær upplýsingar sem þeir telja sig þurfa, að því tilskyldu að þeir haldi trúnaði um efnið.

14.2 *Forsætisnefnd var ókunnugt um forföll bæjarstjóra og formanns bæjarráðs á þeim bæjarstjórnarfundi sem málið var tekið fyrir á og höfðu því ekki forsendur til að gera athugasemdir við að málið yrði á dagskrá. Rétt hefði verið að fresta málinu þar til bæjarstjóri hefði tök á að vera viðstödd til upplýsingagjafar og andsvara áður en bæjarstjórn tæki ákvörðun um hvort aflétta bæri fyrirvaranum sem gerður var við undirritun samnings.*
Hér er um staðhæfingu að ræða sem felur ekki í sér spurningu. Að öðru leyti vísast til umræðu á bæjarstjórnarfundi 10. október sl.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

15 Lögmæt forföll

15.1 Þeirri spurningu er nú beint til bæjarstjóra hvort hún hafi búið bæjarritar sem staðgengið sinn undir það að fylgja samningnum úr hlaði í bæjarstjórn og svara spurningum bæjarfulltrúa um efni hans og aðdraganda. Óskað er svars við þeirri spurningu.

Bæjarritari var undirbúinn undir umræðu og var boðinn og búinn til að svara spurningum sem tengjast efnisatriðum samnings hefði þeim verið beint til hans á fundinum, svo var hins vegar ekki raunin.

BÆJARSTJÓRINN Í KÓPAVOGI

ÁSDÍS KRISTJÁNSDÓTTIR

Virðingarfyllst,

Ásdís Kristjánsdóttir
Bæjarstjóri

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026



Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026